

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um námsgögn.

Frá mennta- og barnamálaráðherra.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um stuðning ríkisins við nýsköpun, þróun, gerð, þýðingu og útgáfu námsgagna á hvaða formi sem þau eru fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja gæði, framboð og fjölbreytileika námsgagna til að styðja við nám og kennslu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi í samræmi við lög, reglur, aðalnámskrár og stefnu stjórnvalda hverju sinni.

3. gr.

Yfirstjórn.

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til og hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Ráðherra ber ábyrgð á stefnumótun í þeim málefnum sem lög þessi taka til og að framfylgja innleiðingu hennar.

4. gr.

Gjaldfrjáls námsgögn.

Námsgögn í leik-, grunn- og framhaldsskólum skulu vera gjaldfrjáls vegna náms barna að 18 ára aldri.

5. gr.

Gæði og gæðaviðmið.

Námsgögn sem njóta stuðnings sjóða samkvæmt lögum þessum og útgefin námsgögn sem notuð eru í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla, á hvaða formi sem þau eru, skulu vera vönduð, í samræmi við aðalnámskrá og styðja við fjölbreyttar þarfir barna og ungmenna.

Ráðherra er heimilt að setja gæðaviðmið um gerð og útgáfu námsgagna skv. 1. mgr. í reglugerð.

II. KAFLI Námsgagnasjóður.

6. gr.

Hlutverk.

Hlutverk námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að auka val þeirra um námsgögn.

7. gr.

Starfræksla.

Ráðherra ber ábyrgð á starfrækslu námsgagnasjóðs og úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Ráðherra er heimilt að fela öðrum til þess bærum aðila starfrækslu sjóðsins. Ákvarðanir um úthlutun úr námsgagnasjóði eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Ráðherra setur námsgagnasjóði reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um vörslu sjóðsins, eftirlit með ráðstöfun fjármuna, skipulag hans og reglur um úthlutun. Ráðherra hefur eftirlit með að farið sé að úthlutunarreglum.

III. KAFLI Þróunarsjóður námsgagna.

8. gr.

Hlutverk.

Hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð, þýðingu og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla í samræmi við markmið laga þessara.

9. gr.

Starfræksla og stjórn.

Ráðherra ber ábyrgð á starfrækslu þróunarsjóðs námsgagna og úthlutar styrkjum úr sjóðnum.

Ráðherra skipar þróunarsjóði námsgagna sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir af samtökum kennara, einn fyrir hönd skólameistara framhaldsskóla, einn fyrir hönd nemenda og einn fulltrúi atvinnulífs. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Ekki er heimilt að skipa sama einstakling aðalfulltrúa í stjórn lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Ráðherra setur þróunarsjóði námsgagna reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um skipulag sjóðsins, reglur um úthlutun og hlutverk sjóðsins gagnvart eftirfylgni með styrktum verkefnum.

10. gr.

Styrkveitingar.

Styrkir úr þróunarsjóði námsgagna skulu veittir einstaklingum, rekstraraðilum skóla og fyrirtækjum. Styrkjum skal úthluta eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Ráðherra auglýsir ár hvert eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði námsgagna. Stjórn þróunarsjóðs námsgagna tekur umsóknir um styrki úr sjóðnum til meðferðar og gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingar. Heimilt er að fá utanaðkomandi ráðgjöf við mat á umsóknum.

Ráðherra ákveður styrkveitingar úr sjóðnum og skilyrði þeirra. Þær skulu taka mið af stefnu stjórnvalda og útgáfuáætlun námsgagna.

Styrkþegar þróunarsjóðs námsgagna skulu gera stjórn sjóðsins grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari skilmálum úthlutunar.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

11. gr.

Útgáfuáætlun.

Ráðherra skal birta útgáfuáætlun námsgagna til fimm ára í senn um áherslur í námsgagnaútgáfu.

Útgáfuáætlun skal unnin í samvinnu og samráði við hagsmunaaðila, þar með talið kennara, skóla og atvinnulíf, með hliðsjón af stefnu stjórnvalda, aðalnámskrám og út frá greiningu á þróun, nýsköpun í námsefnisgerð og alþjóðlegum skuldbindingum. Ráðherra skal hafa samráð við börn og ungmenni um útgáfuáætlun námsgagna.

Áætlun skal endurskoða árlega.

12. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 15. ágúst 2024. Þó skal 4. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2029.

13. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, nr. 91/2023: Við b-lið 4. gr. bætist: samkvæmt útgáfuáætlun námsgagna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vinna skal að því að gjaldfrjáls námsgögn, sbr. 4. gr., komi til framkvæmda í áföngum til 1. janúar 2029.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Stefnumótun Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar mælir fyrir um að stuðlað verði að fjölbreyttri nýsköpun í námsgagnagerð og auknu framboði af nýju námsefni, ekki síst á íslensku, fyrir öll skólastig. Á þeim grundvelli skipaði mennta- og barnamálaráðherra starfshóp með það að markmiði að endurskoða lög um námsgögn nr. 71/2007. Starfshópnum var falið að greina áskoranir og tækifæri vegna fyrirhugaðrar lagasetningar um námsgögn sem ætlað er að auka aðgengi að fjölbreyttum námsgögnum fyrir öll skólastig. Hópnum var ætlað að fjalla um aðgengi að námsgögnum, gæði og gerð þeirra, meðal annars í ljósi nýjustu rannsókna, þar með talið rannsóknar á gæðum kennslu á Norðurlöndum (Quality in Nordic Teaching) og PISA. Nánar er gerð grein fyrir vinnu starfshópsins í kafla 5.

Starfshópurinn skilaði drögum að skýrslu um starf sitt með tillögum að úrbótum til ráðherra í byrjun mars 2024. Frumvarp þetta, sem samið er í mennta- og barnamálaráðuneyti, er byggt á vinnu starfshópsins.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

2.1. Menntastefna til 2030.

Árið 2021 samþykkti Alþingi þingsályktun um menntastefnu 2021-2030, nr. 16/151, sem endurspeglar það markmið íslenskra stjórnvalda að byggja upp öflugt og sveigjanlegt menntakerfi sem stuðlar að efnahagslegri og félagslegri framþróun í landinu. Markmiðið er að styrkja framtíðarhorfur íslensku þjóðarinnar og gefa öllum færi á að þroskast og auka hæfni sína. Menntastefnan byggir á fimm stöðum; jöfn tækifæri, kennsla, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan og gæði menntakerfisins. Ein af áherslum menntastefnunnar er að í boði séu fjölbreytt námsgögn sem taka mið af möguleikum stafrænnar miðlunar og margbreytileika nemenda.

Á grundvelli þingsályktunar um menntastefnu var lögð fram fyrsta aðgerðaráætlun 2021-2024. Þar voru settar fram níu megináðgerðir og ein af þeim fjallaði um vönduð náms- og kennslugögn fyrir allt menntakerfið. Í aðgerðaráætluninni kemur fram að aðgengi að vönduðu námsefni sé eitt lykilatriði gæðamenntunar. Brýnt sé m.a. að framboð á náms- og kennslugögnum fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, verði tryggt og að það taki mið af ólíkum þörfum og fjölbreytileika nemenda. Þá kemur fram að efla þurfi þróunarsjóð námsgagna og námsgagnasjóð til að stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í námsefnisgerð og markvissri útgáfu vandaðra námsgagna. Kemur fram að úthlutun úr sjóðnum taki mið af gæðaviðmiðum og styðji við áherslusvið menntastefnu til ársins 2030. Þá kemur fram að auka þurfi aðgengi leikskóla að útgefnum námsefni Menntamálastofnunar og aðgengi framhaldsskóla að námsgögnum fyrir nemendur á starfsbrautum. Markmið aðgerðarinnar er að auka gæði, fjölbreytni og aðgengi að náms- og kennslugögnum fyrir nemendur á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem og innan framhaldsfræðslu með áherslu á stafræn námsgögn á íslensku, táknmáli og efni fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þá var sett fram aðgerð um gagnrýna hugsun, sköpun og skilning. Í aðgerðaráætluninni kemur fram að rannsóknir bendi til þess að lesskilningi hafi hrakað, sérstaklega meðal drengja, fyrirkomulag íslenskukennslu í grunn- og framhaldsskólum hafi verið gagnrýnt og skýrt ákall sé um það frá nemendum að meiri áhersla verði lögð á fleiri tegundir læsis í skólastarfi, t.d. umhverfis-, miðla-, menningar-, heilsu- og fjármálalæsi. Markmið aðgerðarinnar er að bæta læsi og íslenskukunnáttu nemenda, auka lesskilning og þekkingu á ólíkum tegundum læsis.

2.2. Stefnumótun og greiningar á stöðu námsgagna.

Talsverð undirbúningsvinna við stefnumótun í málefnum námsgagna hefur átt sér stað undanfarin ár og liggja fyrir ýmis gögn og greiningar, sjónarmið hagsmunaaðila og rammi af umbótatillögum. Að hluta hefur niðurstöðum úr þeirri vinnu verið komið í farveg innleiðingar menntastefnu 2021-2030. Þá hefur lengi verið ákall um að öll börn og ungmenni börn á skóla- og fræðsluskuldaldri skuli njóta gjaldfrjálsra námsgagna auk þess að opnað verði á aðgengi tónlistarskóla að þróunarsjóði námsgagna. Endurspeglar greiningarvinna undanfarinna ára skýra þörf á að styðja þurfi betur við útgáfu og miðlun námsgagna á þessum skólastigum og að allir nemendur njóti jafnræðis óháð félags- og efnahagslegri stöðu.

Í skýrslu sem gefin var út af tilefni þess að 25 ár voru liðin frá flutningi grunnskólans til sveitarfélaga kemur fram sú afstaða að fjárframlög til Námsgagnastofnunar hafi verið af skornum skammti, einkum fyrstu árin og hafi svo farið lækkandi að raungildi næstu árin. Menntamálastofnun tók til starfa 1. október 2015 á grunni Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar. Einn megintilgangur sameiningarinnar var að skýra stjórnýslu menntamála, styrkja þjónustu við skóla og ná fram jákvæðum samlegðaráhrifum, faglegum jafnt sem rekstrarlegum. Menntamálastofnun tók við öllum verkefnum forvera sinna ásamt verkefnum sem flutt voru til stofnunarinnar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Árið 2017 setti mennta- og menningarmálaráðherra af stað vinnu með það að markmiði að endurskoða fyrirkomulag námsgagnagerðar í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Að vinnunni komu sérfræðingar úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Menntamálastofnun og einnig var haft samráð við hagsmunaaðila. Starfshópurinn fékk það verkefni að kortleggja stöðu námsgagna, draga fram viðhorf aðila til námsgagnagerðar og setja fram tillögur að mismunandi útfærslum á fyrirkomulagi við gerð og útgáfu námsgagna, með tilliti til ábyrgðaraðila sem koma að námsgagnagerð og einnig með það fyrir augum að auka gæði, fjölbreytni og aðgengi að námsgögnum. Starfshópurinn átti auk þess að fara yfir fjármögnun námsgagnagerðar og kaup á námsgögnum. Hópurinn skilaði skýrsludrögum til ráðherra í september 2020 og stefndi á að ljúka tillögum til ráðherra fyrir áramótin 2020/2021. Sú varð hins vegar ekki raunin þar sem ákveðið var að ákveðnir þættir vinnunnar færu undir hatt menntastefnunnar 2030.

Þrátt fyrir að stafshópurinn hafi ekki skilað formlegum niðurstöðum kom ýmislegt fram í vinnu hans. Kortlagning hópsins leiddi meðal annars í ljós að Ísland sker sig að nokkru leyti úr í samanburði við Norðurlönd þegar kemur að útgáfu námsgagna. Almenn er engin krafa í lögum um sérstök námsgögn á leikskólastiginu, námsgögn grunnskólans eru gjaldfrjáls og námsgögn framhaldsskólans gjaldfrjáls, að undanskildu Íslandi. Þá er í öllum löndunum allt sérkennslufni greitt af hinu opinbera og námsgögn eru í öllum tilvikum fjármögnuð af sveitarfélögum nema á Íslandi og Finnlandi, þó í Finnlandi beri ríkið 40% kostnaðar á móti 60% hlut sveitarfélaganna. Þrátt fyrir að sveitarfélög beri stærstan hluta kostnaðar á Norðurlöndum, kemur ríkið að námsgögnum með öðrum hætti svo sem með kvikmyndasjóðum, rekstri miðlægra rannsóknastöðva og þjónustustofnana og miðlun rafræns efnis. Þá kom fram í samráði hópsins við hagsmunaaðila að almennt væri horft til þeirrar framtíðarsýnar að börn á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hefðu aðgang að fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum þeim að kostnaðarlausu og að komið yrði á samræmdu eftirlits- og gæðakerfi á námsgögnum þar sem gæði námsgagna yrðu tryggð í gegnum fjármögnun og eftirliti með þeim.

Ábendingar og athugasemdir við núverandi fyrirkomulag hafa komið víðar fram, t.d. í viðhorfskönnunum meðal kennara og skólustjórnenda í tengslum við stefnumótun um málefnið, og við undirbúning nýrrar þjónustustofnunnar á sviði menntamála, sbr. lög um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, nr. 91/2023. Þá hefur m.a. Velferðarvaktin, stýrihópur sem hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegri og fjárhagslegri stöðu einstaklinga og fjölskyldna í landinu, beint því til stjórnvalda að vinna að því að gera námsefni nemenda í framhaldsskóla gjaldfrjálst og stuðla þannig að meiri jöfnun í skólakerfinu.

2.3. Núverandi staða og helstu áskoranir.

Með tilkomu laga um Menntamálastofnun, nr. 91/2015, urðu miklar breytingar á lögum um námsgögn, nr. 71/2007, með síðari breytingum. Í núgildandi lögum er fjallað um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námsefnis fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla en lítið er fjallað um námsgögn í framhaldsskólum og ekkert um námsgögn í leikskólum og tónlistarskólum.

Núgildandi lagarammi endurspeglar ákveðið fyrirkomulag námsgagnaútgáfu sem miðast við að sjá nemendum í skyldunámi fyrir námsgögnum. Menntamálastofnun og forveri hennar Námsgagnastofnun sinnt því hlutverki. Grunnskólar fá afhent námsgögn sem samin eru af námsefnishöfundum sem Menntamálastofnun gerir samninga við og gefur svo út. Stofnunin ákveður hvaða námsefni er samið og hún annast útgáfu þess og miðlar til þeirra skóla sem

eftir því leita. Námsgögnum sem framleidd eru af stofnuninni er dreift endurgjaldslaust til skólanna án takmarkana.

Auk beinnar útgáfu námsgagna fyrir grunnskóla á vegum Menntamálastofnunar hafa verið veittir styrkir úr þróunarsjóði námsgagna og hafa þeir einkum nýst höfundum og útgefendum námsgagna. Ólíkt því sem gildir fyrir grunnskóla ber ríkissjóður ekki kostnað af kaupum námsgagna fyrir leikskóla eða skóla á framhaldsskólastigi. Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar leikskóla hafa borið ábyrgð á því að kaupa það efni sem nýtt hefur verið til náms og kennslu í leikskólum að undanskildum ákveðnum tímabundnum verkefnum á vegum Menntamálastofnunar þar sem leikskólum hefur verið veittur aðgangur að áður útgefnu efni stofnunarinnar. Framhaldsskólum er ekki sérstaklega séð fyrir fjármunum úr ríkissjóði til að kaupa námsgögn og hafa nemendur því sjálfir þurft að bera kostnað af þeim.

Þetta meginfyrirkomulag námsgagnaútgáfu hefur haldist nánast óbreytt sl. áratugi en á meðan hefur skólakerfið verið í stöðugri þróun. Breytingarnar koma m.a. fram í því að á meðan ríkisvaldið hefur smám saman minnkað afskipti sín af innra starfi skóla og fært sveitarstjórnnum og skólum meira sjálfræði um eigin starfsemi hefur fyrirkomulag námsgagnaútgáfu haldist í föstum skorðum. Þær breytingar sem frumvarpið leggur til miða að því að annars vegar að auka aðgengi að námsgögnum og hins vegar að gera kerfið skilvirkar á þann hátt að bregðast megi fyrir við samfélagslegum breytingum

Breytt umhverfi skólanna, svo sem hröð tæknipróun og ör fjölgun nemenda með fjölbreyttan tungu- og menningarbakgrunn hefur leitt til breyttra krafna um gerð og inntak námsefnis. Skýrar vísbendingar eru að um að núverandi fyrirkomulag sé ekki að mæta þeirri þörf.

Sömuleiðis hafa rutt sér til rúms ný viðhorf í kennsluháttum og nemendahópurinn orðið æ fjölbreyttari frá því sem áður var. Kennarar gera kröfu um meiri fjölbreytni í vali á námsgögnum til að fylgja eftir faglegum áherslum. Á þessum tíma hefur tölvu- og samskiptatækni orsakað töluverðar breytingar á starfsháttum skóla og þá sérstaklega á möguleikum til námsefnisgerðar og miðlunar.

Framsetning og miðlun námsgagna tekur því örur breytingum og þarf framtíðarsýn stjórnvalda að vera skýr, það er að börnum í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum standi til boða fjölbreytt og vönduð námsgögn sem eru í samræmi við aðalnámskrár og byggja á traustri kennslufræði sem nýti sér fjölbreytta möguleika í miðlun.

Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þessi viðhorf. Meginatriðin í viðhorfum kennara er að það sé þörf á meiri fjölbreytni og örari endurnýjun á námsefni. Efling þróunarsjóðs námsgagna er mikilvægur liður í því að stuðlað sé að meiri fjölbreytni í framboði námsefnis. Þannig er með eflingu námsgagnasjóðs unnt að veita skólum og kennurum enn meira svigrúm til að velja sér efni í samræmi við markaða stefnu í skólanámskrá og til að stuðla að einstaklingsmiðaðri kennsluháttum.

Þetta ætti jafnframt að stuðla að því að skapa fleiri aðilum en áður aukið svigrúm til þátttöku í útgáfu námsgagna en ráðuneytið með áherslur birtar í útgáfuáætlun, gæðaviðmiðum ásamt Menntamálastofnun sjá til þess eftir sem áður að námsefni sé til staðar í öllum námsgreinum og að gæði námsefnis sem börnum standi til boða sé tryggt.

Samkvæmt framansögðu er þörf á því að búa til lagaumhverfi um námsgögn þvert á skólastig og stuðla að fjölbreyttri nýsköpun í námsgagnagerð og að framboð nýrra námsgagna aukist, ekki síst á íslensku, fyrir öll skólastig. Þá er mikilvægt að styðja við þær miklu kerfisbreytingar sem unnið hefur verið að á undanförunum árum og tengjast markmiðum um samþætta þjónustu í þágu menntunar og farsældar barna og ungmenna og aukinn jöfnuð í menntakerfinu.

2.3. Valkostir við lagasetningu.

Upphafleg vinna við frumvarpið beindist að breytingu laga um námsgögn, nr. 71/2007. Eftir því sem vinnunni vatt fram varð hins vegar ljóst, ekki síst í kjölfar samráðs við hagsmunaaðila sem gerð er grein fyrir í kafla 5, að um er að ræða verulegar breytingar frá gildandi lögum. Felur frumvarpið því í sér ný heildarlög um námsgögn.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um ný heildarlög um námsgögn sem fela í sér breytingar á því fyrirkomulagi sem nú er um námsgögn og styður við þróun og gerð námsgagna í leik-, grunn-, og framhaldsskólum auk tónlistarskóla.

Frumvarpið felur í sér ákveðin nýmæli. Meginbreytingar frá eldri lögum fela í sér að: Kveðið er skýrt á um rétt barna 0-18 ára á skóla- og fræðsluskyldualdri til gjaldfrjálsra námsgagna, hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er útvíkkað á þann hátt að heimilt verði að sækja um styrk til þýðinga á námsefni og gerlegt verði fyrir höfunda námsefnis ætluðu tónlistarskólum að sækja um í sjóðinn. Lagt er til að útfært verði leiðbeiningar- og fræðsluhlutverk þróunarsjóðs námsgagna á þann hátt að umsækjendur geti sótt sér faglegan stuðning við útgáfu og vinnslu þeirra verkefna er styrk hljóta. Lagt er til að birt verði útgáfuáætlun sem kveði á um áherslur í námsgagnautgáfu í samræmi við stefnu stjórnvalda, aðalnámskráa og út frá greiningu á þróun, nýsköpun í námsefnisgerð og alþjóðlegum skuldbindingum. Ráðherra er veitt heimild til útgáfu gæðaviðmiða um gerð og útgáfu námsgagna og gert er ráð fyrir að starfræksla námsgagnasjóðs færast undir ábyrgð ráðherra.

Í frumvarpinu er lagt til að gildissvið löggjafar um námsgögn verði afmarkað við ábyrgð og stuðning ríkisins við nýsköpun, þróun, gerð, þýðingu og útgáfu námsgagna á hvaða formi sem þau eru fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla. Þá er lagt til að lögfest verði það markmið laganna að tryggja gæði, framboð og fjölbreytileika námsgagna til að styðja við nám og kennslu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrár. Þá fjallar frumvarpið um að öllum börnum skulu standa til boða gjaldfrjáls námsgögn í leik-, grunn- og framhaldsskóla en hér er átt við börn og ungmenni sem stunda leik-, grunn- og framhaldsskólanám á aldrinum 0-18 ára. Í frumvarpinu er jafnframt fjallað um að þau námsgögn sem njóta stuðnings námsgagnasjóðs eða þróunarsjóðs námsgagna skulu vera vönduð, í samræmi við aðalnámskrá og styðja við fjölbreyttar þarfir barna. Þá er ráðherra heimilt að setja gæðaviðmið um gerð og útgáfu námsgagna sem njóta stuðnings hins opinbera.

Framtíðarsýn sú er frumvarpið leggur til er að öllum komi til með að standa til boða gjaldfrjáls námsgögn við nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Hingað til hefur ekki verið gert ráð fyrir sérstökum framlögum af hálfu ríkis til námsgagna í framhaldsskóla en ljóst er að sú vinna þarf að koma heim og saman við núgildandi lög og eiga sér stað með ríku samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Hvað framhaldsskólann varðar er lagt er til að innleiðing fyrirkomulags verði áfangaskipt til nokkurra ára og með þeim hætti að fyrst í stað verði lögð áhersla á kjarnagreinar, íslensku, stærðfræði og ensku og innleitt frá yngstu nemendum.

Í frumvarpinu er fjallað um námsgagnasjóð sem hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að auka val þeirra um námsgögn. Lagt er til að ábyrgð á starfrækslu sjóðsins verði hjá mennta- og barnamálaráðherra en heimilt verði að fela öðrum til þess bærnum aðila starfrækslu sjóðsins. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að ekki verði stjórn yfir námsgagnasjóði líkt og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum þar sem starfsemi

sjóðsins hefur tekið breytingum frá því sem í upphafi var. Með reglum frá árinu 2014 hafa skólar fengið framlag byggt á fjölda nemenda og hefur sú ráðstöfun mælst vel fyrir.

Í frumvarpinu er fjallað um þróunarsjóð námsgagna sem hefur það hlutverk að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð, þýðingu og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla. Að stuðla að nýsköpun og þýðingu er nýmæli í lögum og einnig er nýmæli að tónlistarskólar geti sótt um stuðning úr þróunarsjóði námsgagna. Lagt er til að ábyrgð á starfrækslu sjóðsins verði hjá mennta- og barnamálaráðherra. Þá felast breytingar í að stjórn er stækkuð úr fimm í sjö manna stjórn. Skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af samtökum kennara þá sem fulltrúar vettvangs og starfandi kennara. Einn fulltrúi skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem fulltrúi rekstraraðila leik- og grunnskóla. Einn fulltrúi skal tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands og einn fulltrúi nemenda. Slíkur fulltrúi gæti komið frá Landssamtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi (Samfés), Sambandi íslenskra framhaldsskólanema eða Landsambandi ungmennafélaga (LUF). Þá skal einn fulltrúi vera skipaður sem fulltrúi atvinnulífsins og tilnefndur af Samtökum iðnaðarins. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Þá er í greininni tekið fram að ekki er heimilt að skipa sama einstakling aðalfulltrúa í stjórn lengur en tvö samfelld starfstímabil, m.a. með það fyrir augum að tryggja eðlilega endurnýjun fulltrúa í stjórninni.

Þá er í frumvarpinu lagt til að ráðherra gefi út útgáfuáætlun námsgagna til fimm ára í senn um áherslur í námsgagnaútgáfu. Gert er ráð fyrir að útgáfuáætlun sé unnin í samvinnu og samráði við skóla, sveitarfélög og aðra aðila, félög, samtök og stofnanir, sem tengjast starfsemi hennar. Ráðherra skal hafa samráð við börn og ungmenni um útgáfuáætlun námsgagna.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið samræmist stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Í 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, kemur fram að öllum skuli tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárrinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru til þess fallnar að stuðla að þeim markmiðum.

5. Samráð.

Helstu hagsmunaaðilar eru skólasamfélagið, þ.m.t. börn, foreldrar, starfsfólk og stjórnendur í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, atvinnulífið, þ.m.t. bókaútgefendur og menntatæknifyrirtæki og stjórnvöld, þ.m.t. sveitarfélög.

Eins og áður sagði skipaði ráðherra starfshóp sem falið var að greina áskoranir og tækifæri vegna fyrirhugaðrar lagasetningar um námsgögn. Eins og kemur fram hér á undan óskaði mennta- og barnamálaráðherra eftir tilnefningum í starfshóp með það að markmiði að endurskoða lög um námsgögn nr. 71/2007. Starfshópnum var falið að greina áskoranir og tækifæri vegna fyrirhugaðrar lagasetningar um námsgögn sem ætlað er að auka aðgengi að fjölbreyttum námsgögnum fyrir öll skólastig. Hópnum var ætlað að fjalla um aðgengi að námsgögnum, gæði og gerð þeirra, meðal annars í ljósi nýjustu rannsókna, þar með talið rannsóknar á gæðum kennslu á Norðurlöndum (Quality in Nordic Teaching) og PISA.

Starfshópurinn skipaðu fulltrúar frá Samtökum menntatæknifyrirtækja, Menntamálastofnun, Skólameistarafélags Íslands, Kennarasambandi Íslands, Samfés, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Hagþenkis – félags höfunda fræðiriti og kennslugagna, félags íslenskra bókaútgefenda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samtaka áhugafólks um skólaþróun. Hópurinn fundaði sex sinnum á tímabilinu og stóð ásamt hagsmunaaðilum að málþingi um framtíðarfyrirkomulag útgáfu námsgagna. Á málþinginu sem yfir 200 manns mættu á, auk þátttöku í streymi, var farið yfir núverandi fyrirkomulag á útgáfu námsgagna og ræddar leiðir til úrbóta með það að markmiði að auka aðgengi að vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum fyrir öll skólastig með hagsmuni barna og ungmenna að leiðarljósi. Þátttakendum gafst kostur á að taka þátt í vinnuhópum þar sem lagðar voru fyrir eftirfarandi spurningar: 1. Hvað finnst þér um núverandi fyrirkomulag námsgagnautgáfu? 2. Hver er upplifun þín af fyrirlestrum og umræðum dagsins? 3. Hverju þarf að breyta í núverandi kerfi til að það geti orðið að veruleika? Hvernig sérð þú fyrir þér aðkomu ríkisins að útgáfu námsgagna til framtíðar? Mikið af gögnum fékkst frá þátttakendum málþingsins en þegar unnið var úr niðurstöðum vinnu málþingsgesta skýrðist fljótt að fjármagnsskortur var m.a. helsta áhyggjuefnið sem leitt hafi til skorts á vönduðu efni ásamt því að kerfi samtímans sé ekki nógu skilvirkt til að hafa á boðstólnum efni við hæfi. Þá kom skýrt fram að gjaldfrjáls námsgögn að 18 ára aldri væri í raun réttur barna og hluti af rétti þeirra til náms.

Þar sem vinna starfshópsins hefur fyrst og fremst farið fram á árinu 2024 gafst ekki tækifæri til að kynna almenningi áform um lagasetningu. Drög að frumvarpinu voru birt almenningi til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda **XXX**.

6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu er stefnt að því að efla umgjörð og stuðningskerfi vegna námsgagna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórnvöld styrki og styðji við nýsköpun, þróun, gerð, þýðingu og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla og um öflun námsgagna fyrir grunnskóla. Áhrif frumvarpsins eru jákvæð og ná til skólasamfélagsins í heild sinni, þ.m.t. barna, foreldra, starfsfólks og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, atvinnulífsins, þ.m.t. bókaútgefenda og menntatæknifyrirtækja og stjórnvalda, þ.m.t. sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir auknum útgjöldum ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum. Annars vegar munu breytingarnar, sem felast í því að börnum í framhaldsskólum muni standa til boða gjaldfrjáls námsgögn, leiða til aukningar í útgjöldum. Hins vegar munu markmið frumvarpsins ekki nást nema námsgagnasjóður og þróunarsjóður námsgagna eflidur umtalsvert með auknu fjármagni.

Velferðarvaktin skilaði skýrslu árið 2020 sem m.a. sneri að námsgagnakostnaði við nám á framhaldsskólastigi. Skilað var nokkrum tillögum sem m.a. byggðu á tveimur könnunum meðal nemenda og skólameistara. Skólameistarar mátu kostnaðinn rúmlega 40 þús. kr. pr. nemanda. Ákveðin samhljóm má finna í mati ráðuneytisins því samkvæmt könnun ráðuneytisins er meðaltalsnámsgagnakostnaður framhaldsskólanema um 40 þús. kr. fyrir hvert skólaár. Þess ber að geta að þá er um að ræða áætlað heildsöluverð. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands eru 12.657 nemendur í framhaldsskóla 18 ára og yngri. Því má gera ráð fyrir kostnaði í kringum 500 m.kr. árlega vegna gjaldfrjálsra námsgagna í framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að gjaldfrjáls námsgögn komi að fullu til framkvæmda árið 2029.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gildissvið laganna skilgreint. Tekið er fram að lögin nái til stuðnings ríkisins við nýsköpun, þróun, gerð, þýðingu og útgáfu námsgagna á hvaða formi sem þau eru fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla.

Ákvæðið er efnislega sambærilegt 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um námsgögn, nr. 71/2007, en þó með nokkrum breytingum. Þannig er lagt til að við gildissvið laganna bætist námsgögn í tónlistarskólum. Höfundum námsgagna fyrir tónlistarskóla hefur hingað til ekki verið gert kleift að sækja um styrki úr þróunarsjóði námsgagna og er þessari breytingu ætlað að stuðla að auknum gæðum og fjölbreytileika námsefni í tónlistarfræðslu. Þá ber þess að geta að hluti þess efnis sem nýtist tónlistarskólum nýtist einnig við tónmenntakennslu leik- og grunnskóla.

Þá er í ákvæðinu lagt til að gildissvið laga um námsgögn verði víkkað út svo það nái til þýðinga á námsefni. Í undirbúningi frumvarpsins, þar á meðal í umræðu starfshóps sem vann undirbúningsvinnu fyrir það, kom fram skýr vilji til að styðja á þennan hátt við þýðingar á námsefni. Af þessari breytingu leiðir meðal annars að þróunarsjóður námsgagna getur styrkt þýðingar á námsefni sem ekki hefur verið heimilt hingað til.

Um 2. gr.

Fjallað er um markmið frumvarpsins í 2. gr. Það er efnislega sambærilegt markmiðsákvæði 1. mgr. 1. gr. gildandi laga um námsgögn, nr. 71/2007, en þó með tilteknum breytingum. Til viðbótar við þau markmið að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna er lagt til að jafnframt verði miðað að því að tryggja gæði námsgagna. Það er í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins, einkum 5. gr. Þá er lagt til að skýrar verði kveðið á um að lög, reglur, stefna stjórnvalda og gildandi aðalnámskrár séu sá grunnur sem námsgagnaútgáfa standi á.

Um 3. gr.

Yfirstjórn málefna sem frumvarpið tekur til er í höndum ráðherra sem fer með fræðslu- og menntamál í ljósi þess að meginviðfangsefni frumvarpsins er m.a. að styðja viðeigandi stofnanir til að sinna faglegu skólstarfi þá með auknu aðgengi að námsgögnum við hæfi. Ákvæðið kemur í staðinn fyrir 2. gr. laga gildandi laga um námsgögn, nr. 71/2007, þar sem ábyrgð og stuðningur ríkisins var skilgreindur, en um verkefni ríkisins á grundvelli frumvarpsins er nánar vísað til annarra ákvæða þeirra.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um það nýmæli frumvarpsins að námsgögn í leik-, grunn- og framhaldsskólum skulu vera gjaldfrjáls vegna náms barna að 18 ára aldri. Gert er ráð fyrir að réttur til gjaldfrjálsra námsgagna komi til með að taka til allra barna sem sækja nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum þegar lögin eru komin til fullrar framkvæmdar. Í samráði við hagsmunaaðila hefur komið fram að gera þurfi skýrar reglur um gjaldfrjáls námsgögn til að tryggja jafnrétti til náms og gildandi menntastefnu til 2030. Í ákvæðinu felst sú grundvallarbreyting að tryggja börnum í leik- og framhaldsskóla aðgang að gjaldfrjálsum námsgögnum en hingað til hefur sá réttur eingöngu átt við um skyldunám í grunnskóla.

Ákvæðið mælir fyrir um að námsgögn séu gjaldfrjáls fyrir nemendur. Það leiðir svo af öðrum reglum, þ.m.t. reglum frumvarpsins, hver ber kostnað af námsgögnum.

Hingað til hafa börn í leikskólum ekki þurft að greiða sérstaklega fyrir námsgögn. Menntamálastofnun hefur gert aðgengileg á vef sínum einhver námsgögn fyrir leikskólastig og hefur jafnframt yfir að ráða bókakosti. Ráðgert er að fjölbreytni í námsgögnum fyrir leikskólastigið aukist smám saman og að fyrirkomulagið verði þróað á næstu árum með Miðstöð mennta- og skólaþjónustu sem tekur til starfa 1. apríl 2024.

Hvað varðar námsgögn fyrir framhaldsskóla felur ákvæðið í sér grundvallar stefnubreytingu enda hafa framhaldsskólanemendur og fjölskyldur þeirra hingað til þurft að bera kostnað af þeim. Til að innleiða gjaldfrjáls námsgögn í framhaldsskólum þarf að útfæra ýmis atriði og mikilvægt að það sé gert í miklu samráði við skólameistara framhaldsskóla, kennara og nemendur og aðra hagsmunaaðila. Er því gert ráð fyrir að innleiðingu gjaldfrjálsra námsgagna í framhaldsskólum verði áfangaskipt til nokkurra ára og fyrst verði lögð áhersla á kjarnagreinar og innleitt verði frá yngstu nemendum. Í ákvæðinu, sbr. jafnframt ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið, felst að regla 4. gr. verði komin til fullrar framkvæmdar fyrir nemendur í framhaldsskólum að 18 ára aldri árið 2029. Ljóst er að lengri tíma þarf til að innleiða verkefnið í framhaldsskóla í heild. Í því sambandi er litið til þess að fólk á fjölbreyttum aldri stundar nám í framhaldsskóla og talið rétt að forgangsraða yngri nemendum umfram þá sem eldri eru.

Um 5. gr.

Í aðdraganda þeirrar vinnu sem fram hefur farið í tengslum við frumvarp þetta hefur komið fram að almennar reglur sem innihalda gæðaviðmið um námsgögn sem nýtur stuðnings hins opinbera væru þarft tæki, fyrir námsgagnahöfunda, útgefendur á markaði sem og þá sem úthluta fé úr opinberum sjóðum til námsefnisgerðar. Í 1. mgr. 5. gr. er því lagt til að lögfest verði almenn regla um gæði námsgagna. Þá er lagt til í 2. mgr. 5. gr. að sett verði heimildarákvæði fyrir ráðherra til að geta sett fram opinber gæðaviðmið um innihald námsefnis. Gert er ráð fyrir að slík viðmið verði ávallt unnin í breiðu samráði ráðuneytis og haghafa.

Um 6. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 6. gr. gildandi laga um námsgögn nr. 71/2007 og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um starfrækslu námsgagnasjóðs.

Í 2. og 3. mgr. 6. gr. gildandi laga um námsgögn, nr. 71/2007 var m.a. kveðið á um stjórn námsgagnasjóðs og starfsemi hans. Með 7. gr. er lagt til að sú umfjöllun verði einfölduð og stytt. Ástæða þess er einkum sú að störf sjóðsins hafa breyst nokkuð frá setningu laga nr. 71/2007. Er hér einkum vísað til reglna sem sjóðnum voru settar árið 2014 sem kveða á um að fjármunum þeim sem til ráðstöfunar eru árlega, að frátöldum umsýslukostnaði, skuli úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla. Reiknað er álag fyrir grunnskóla með 150 nemendur á þann hátt að skólar með 1-50 nemendur fá 20% hærri úthlutun, skólar með 51-100 nemendur fá 10% hærri úthlutun og skólar með 101-150 nemendur fá 5% hærri úthlutun. Hefur þessi tilhögun reynst vel, á þann hátt á grunnskólar fá úthlutað árlegri upphæð til kaupa á námsefni því er þeir telja að gagnist þeirra skólastarfi. Í úthlutunarreglum er ákvæði um að stjórn sjóðsins geti kallað eftir gögnum frá rekstraraðilum um nýtingu fjármagnsins. Var það gert nokkrum sinnum og aldrei fundist dæmi um að fjármagni sjóðsins væri varið í annað en námsgögn. Því er lagt til að ákvæði greinarinnar endurspegli betur farsæla framkvæmd sl. 10 ára en kveðið verði á um ábyrgð ráðherra og eftirlit.

Þá er í 2. mgr. 7. gr. er lögð til heimild ráðherra til að setja nánari reglugerð um starfsemi sjóðsins, þar með talið vörslu sjóðsins, eftirlit með ráðstöfun fjármuna, skipulag hans og reglur

um úthlutun. Þá er kveðið á um eftirlitsskyldu ráðherra um að farið sé eftir reglum sjóðsins, sambærilegt og ákvæði 5. mgr. 6. gr. eldri laga.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um hlutverk þróunarsjóðs námsgagna. Lagt er til að hlutverk sjóðsins sé tiltölulega óbreytt frá 1. mgr. 7. gr. laga um námsgögn, nr. 71/2007. Breytingarnar felast í því að lagt er til að auka við hlutverk þróunarsjóðs námsgagna að því leyti að bætt er við ákvæðum er annars vegar snúa að heimildum stjórnar þróunarsjóðs námsgagna til að styrkja þýðingar á námsgögnum og hins vegar námsgögnum ætlað tónlistarskólum. Er þetta í samræmi við breytt gildissvið laganna, sbr. 1. gr.

Um 9. gr.

Ákvæðið á sér efnislega samstöðu með 2. til 4. mgr. 7. gr. gildandi laga um námsgögn þar sem fjallað er um starfsemi og stjórn þróunarsjóðs námsgagna.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skipi þróunarsjóð námsgagna eins og áður var. Breytingar frá eldri lögum felast í því að stjórnin er stækkuð úr fimm í sjö menn. Skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af samtökum kennara þá sem fulltrúar vettvangs og starfandi kennara. Einn fulltrúi skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem fulltrúi rekstraráðila leik- og grunnskóla. Einn fulltrúi skal tilnefndur sem fulltrúi skólameistara og er gert ráð fyrir að Skólameistarafélag Íslands muni sjá um þá tilnefningu. Jafnframt er gert ráð fyrir einum fulltrúa nemenda sem gæti komið frá Landssamtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi (Samfés), Sambandi íslenskra framhaldsskólanema eða Landsambandi ungmennafélaga (LUF). Þá skal einn fulltrúi vera skipaður sem fulltrúi atvinnulífsins og er hér einkum litið til Samtaka iðnaðarins. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal valinn úr hópi tilnefndra aðalmanna. Þá er í greininni tekið fram að ekki er heimilt að skipa sama einstakling aðalfulltrúa í stjórn lengur en tvö samfelld starfstímabil, m.a. með það fyrir augum að tryggja eðlilega endurnýjun fulltrúa í stjórninni.

Í 3. mgr. er lögð til heimild ráðherra til að setja nánari reglugerð um starf þróunarsjóðs námsgagna þar með talið skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við hlutverk sjóðsins.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er fjallað um úthlutun úr þróunarsjóði námsgagna. Í 1. mgr. kemur fram hverjir geta fengið úthlutun úr sjóðnum og að úr honum sé úthlutað í það minnsta einu sinni á ári.

Í 2. mgr. er fjallað um málsmeðferð umsókna um styrki úr þróunarsjóði námsgagna. Stjórn sjóðsins tekur umsóknir til meðferðar og gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingar. Í því felst að sérfræðiþekking sjóðsstjórnar nýtist við mat á umsóknum en endanleg ábyrgð á styrkveitingum er hjá ráðherra. Þá er að sama skapi tiltekið að sjóðsstjórn sé heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum sem er nauðsynlegt til að geta fengið álit t.d. fagfólks á sviði kennslu, útgáfu og tækni á umsóknum um styrk til sjóðsins.

Í 3. mgr. er ákvæði þar sem lagt er til að styrkveitingar skulu taka mið af stefnu stjórnvalda og gildandi útgáfuáætlun námsgagna.

Í 4. mgr. er tiltekið hvernig þeir sem fá fé úr þróunarsjóði skuli gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum. Gert er ráð fyrir að því að sett verði skilyrði við úthlutun styrkja þannig að unnt sé að stöðva greiðslur úr sjóðnum ef styrkþegar fara ekki að skilyrðum.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er nýmæli þar sem fjallað er um skyldu ráðuneytis til að birta útgáfuáætlun til fimm ára í senn sem innihaldi áherslur í námsgagnaútgáfu. Útgáfuáætlunin skal gefin út af ráðuneyti en unnin í samstarfi við Menntamálastofnun, hagsmunaaðila, nemendur, kennara og skóla og út frá greiningu á þróun og nýsköpun í námsefnisgerð. Áætlunina skal endurskoða árlega.

Um 12. gr.

Lagt er til að gildistaka frumvarpsins, verði það að lögum, verði við upphaf næsta skólaárs eða 15. ágúst 2024. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins um gjaldfrjáls námsgögn öðlist gildi 1. janúar 2029 en fram að þeim tíma verði innleiðingartímabil eins og nánar er fjallað um í greinargerð með ákvæði til bráðabirgða.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til minni háttar breytingar á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem eru til samræmis við 11. gr.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er fjallað um innleiðingartímabil fyrir gjaldfrjáls námsgögn, sbr. jafnframt 12. gr. Nánar er fjallað um innleiðinguna í greinargerð með 4. gr.